



274. fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar ÍSÍ, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, fimmtudaginn 12. mars 2019 kl. 16:00.

Mættir: Lárus L. Blöndal forseti, Sigríður Jónsdóttir varaforseti, Hafsteinn Pálsson ritari, Ása Ólafsdóttir, Garðar Svansson, Lilja Sigurðardóttir, Úlfur H. Hróbjartsson, Þráinn Hafsteinsson, Örn Andrés�on, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

Forföll: Gunnar Bragason gjaldkeri, Guðmundur Ágúst Ingvarsson, Ingi Þór Ágústsson, Jón Finnogason, Viðar Garðarsson og Þórey Edda Elísdóttir.

Forseti setti fund og stýrði honum.

Dagskrá:

1. Ólympísk málefni

Örn Andrés�on formaður Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ fór yfir þau ólympísku verkefni sem framundan eru. Samarið verður annasamt með bæði Smáþjóðaleikum og Evrópuleikum. Á morgun stendur sviðið fyrir málþingi fyrir sársambönd ÍSÍ um afreksíþróttir.

Íslandi hefur verið úthlutað boðssæti í hjólreiðum á Evrópuleikunum í Minsk í sumar. Málið verður skoðað í samstarfi við Hjólreiðasamband Íslands.

2. Fagsvið ÍSÍ

Þráinn Hafsteinsson formaður Þróunar- og fræðslusviðs ÍSÍ skýrði frá því helsta úr starfi sviðsins. Framundan er m.a. fyrirlestur Dwight Phillips langstökkvara sem ÍSÍ og Háskólinn í Reykjavík standa að og hádegisfyrirlestur um svefn og íþróttir sem ÍSÍ og Háskólinn Íslands standa að. Verið er að vinna upplýsingar og fræðsluefni á heimasíðu ÍSÍ varðandi baráttuna gegn hagræðingu úrslita í íþróttakeppnum. Karatedeild Umf. Aftureldingar hlaut nýlega endurnýjun gæðavottunarinnar Fyrirmyndarfélag ÍSÍ og verið er að aðstoða nokkur íþróttahéruð við undirbúning umsóknar um gæðavottunina Fyrirmyndarhérað ÍSÍ.

Garðar Svansson formaður Almenningsíþróttasviðs ÍSÍ skýrði frá viðurkenningarhátíð Lífshlaupsins sem fram fór 1. mars sl. Verkefnið tókst vel til og fjöldi þátttakenda jókst á milli ára. Hann minnti á næstu verkefni sviðsins; Hjólað í vinnuna 8.-28. maí nk. og Sjóvá-Kvennahlaup ÍSÍ 15. júní. Búið er að skila uppgjöri vegna EWOS 2018.

3. Tilnefningar í undanþágunefnd og lyfjaeftirlitsnefnd Lyfjaeftirlits Íslands

Frestað til næsta fundar.

4. Ferðasjóður íþróttafélaga

Tillaga um úthlutun úr sjóðnum var samþykkt með tölvupósti frá stjórnarmeðlimum á milli funda, með tilvísun í heimild frá fundi framkvæmdastjórnar þann 21. febrúar sl. Tafist hefur að greiða styrkina út vegna tæknilegra hnökra sem helgast af því að verið er að keyra úthlutunina í ár á nýju kerfi sem verið er að slípa til en nú er ljóst að styrkirnir verða greiddir út í vikunni.

5. Fulltrúar ÍSÍ á námskeiði Alþjóðaólympíuakademíunnar (IOA) fyrir ungt íþróttafólk

Þráinn skýrði frá tilnefningum sviðsins á tveimur fulltrúum til að sækja námskeið fyrir ungt íþróttafólk á vegum Alþjóðaólympíuakademíunnar í Ólympíu í Grikklandi í sumar. Tilnefnd voru Hrafnhildur Lúthersdóttir sundkona og Matthías Hreiðarsson frjálsíþróttamaður. Tilnefningarnar samþykktar samhljóða.

6. Hegðunarviðmið ÍSÍ

Tillaga Þróunar- og fræðsluviðs ÍSÍ að hegðunarviðmiðum ÍSÍ lögð fram til umfjöllunar. Fundarmenn fengu tillöguna senda með fundargögnum. Nokkrar ábendingar komu fram um orðalag. Samþykkt að fresta staðfestingu hegðunarviðmiðanna fram að næsta fundi svo tími gefist til að vinna úr ábendingunum.

7. Heiðranir

Eftirfarandi tillögur til heiðrana á ársþingum sambandsaðila ÍSÍ samþykktar:

HSH: *Ríkharður Hrafnkelsson* – Gullmerki ÍSÍ

Gunnar Svanlaugsson – Gullmerki ÍSÍ (samþykkt 2018 en ekki afhent)

María Alma Valdimarsdóttir – Silfurmerki ÍSÍ (samþykkt 2018 en ekki afhent)

Garðar Svansson mun afhenda viðurkenningarnar á ársþingi HSH, Stykkishólmi 14. mars nk.

HSP: *Jón Friðrik Benónýsson* – Gullmerki ÍSÍ

Kristján Stefánsson – Silfurmerki ÍSÍ

Samþykkt með tölvupósti á milli funda. Viðar Sigurjónsson skrifstofustjóri ÍSÍ á Akureyri afhenti viðurkenningarnar á ársþingi HSP í Mývatnssveit 10. mars sl.

BLÍ: *Jason Ívarsson* – Gullmerki ÍSÍ

Viðurkenningin verður afhent á ársþingi BLÍ 29. mars nk.

KKÍ: *Hannes S. Jónsson* – Gullmerki ÍSÍ

Páll Kolbeinsson – Gullmerki ÍSÍ

Jóhanna M. Hjartardóttir – Silfurmerki ÍSÍ

Hilmar Júlíusson – Silfurmerki ÍSÍ

Viðurkenningarnar verða afhentar á ársþingi KKÍ í Reykjavík 16. mars nk.

UMSS: *Viggó Jónsson* – Gullmerki ÍSÍ

Viðurkenningin verður afhent á ársþingi UMSS á Sauðárkróki 19. mars nk.

8. Fundargerðir

Eftirfarandi fundargerðir lagðar fram og staðfestar:

- 273. fundur framkvæmdastjórnar
- 4. fundur framkvæmdaráðs ÍSÍ
- Þróunar- og fræðsluvið ÍSÍ frá 28. febrúar 2019

9. Viðburðir framundan

Farið fyrir viðburði sem framundan eru og til lengri tíma litið.

10. Næstu fundir framkvæmdastjórnar ÍSÍ

Næstu fundir stjórnar verða mánudaginn 1. apríl og fimmtudaginn 29. apríl.

11. Íþróttþing ÍSÍ

Farið yfir það helsta í undirbúningi fyrir Íþróttþing. Drög að tillögum voru lögð fram til umræðu. Vefsvæði hefur verið opnað á heimasíðu ÍSÍ þar sem þingboð og annað efni í tengslum við þingið verður aðgengilegt fyrir sambandsaðila. Fundarmenn minntir á skilafrest framboða sem er 12. apríl nk.

12. Önnur mál

Lög KSÍ

Á síðasta fundi stjórnar var 3. tölulið í fundargerð laganefndar ÍSÍ, er varðaði umfjöllun um breytingar á lögum KSÍ, frestað til næsta fundar til að veita skrifstofu svigrúm til að afla upplýsinga frá systursamtökum á Norðurlöndum er varða málið. Í ljósi niðurstaðna þeirrar upplýsingaöflunar er forseta ÍSÍ og Ásu falið að skoða nánar breytingu á grein 14.2. í lögum KSÍ og senda stjórn niðurstöður þeirrar skoðunar og rökstuðning á milli funda.

Skýrsla um starf Íslenskra getrauna

Úlfur H. Hróbjartsson skýrði frá því að vinnuhópur sem stofnaður var á síðasta ári um starf og verkefni Íslenskra getrauna hafi nú skilað lokaskýrslu til Getrauna. Úlfur var tilnefndur í vinnuhópinn af hálfu ÍSÍ. Gert er ráð fyrir því að skýrslan verði kynnt fyrir stjórn ÍSÍ fljótlega.

**Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið.
Halla Kjartansdóttir, fundarritari**